

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þakka þér fyrir.

Íslandstorg og Íslandsgata eru þekkt kennileiti í höfuðborgum Eystrasaltsríkjanna. Þar eru áletraðir skildir, sem tjá þakklæti til Íslendinga, fyrir frumkvæði og inngrip Jóns Baldvins Hannibalssonar á ögurstundu í sjálfstæðisbaráttu ríkjanna.

Við þinghúsið í Vilnius er höggvið í stein: „Til Íslands, sem þorði þegar aðrir þögðu“

Fyrir framlag sitt á alþjóðavettvangi ber Jón Baldvin nú heiðursorðu forseta Lettlands, Eistlands, Litháen, Króatíu og Sloveníu ásamt mörgum öðrum sæmdar og heiðurstitlum.

Upphaf þessara atburða má rekja til NATO-fundar 22. ágúst 1991. Þegar Jón Baldvin reis einn gegn vilja annarra NATO-þjóða.

Prem dögum síðar komu utanríkisráðherrar Eystrasaltsríkjanna til fundar í Höfða og þáðu úr hendi Jóns Baldvins fyrstu viðurkenninguna um sjálfstæði ríkja sinna.

Það var söguleg stund á heimsvísu. Síðar gerðust aðrar þjóðir sporgöngumenn Íslendinga. Í bók sinni, Tæpitungulaust – Lífsskoðun jafnaðarmanns, kom út í des.2019, segir Jón Baldvin frá tildrögum og baksviði þessara atburða.

m/fs: **Afrek á heimavelli.**

Góður efnahagur sem Íslendingar búa að í dag er fyrst og fremst að þakka samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Það var ekki um það deilt, að samningurinn náðist í höfn fyrir atbeina og málafylgju Jóns Baldvins. Samningurinn mætti andstöðu í öllum flokkum á Alþingi utan Alþýðuflokksins. Við stjórnarmyndun náði Jón Baldvin svo að sínu borði þeim stuðningi sem þurfti.

m/fs: **Spurning og svar.**

Bókin Tæpitungulaust er yfir 600 síður. Hún er spurning og svar um markmið og leiðir jafnaðarmanna. Lífsskoðun þeirra, sem berjast fyrir jafnaðarstefnuna. Hverjir eiga jörðina? Hvernig ógnar auðræðið lýðræðinu? Óvinir velferðarríkisins. Um skautun þjóðfélaga, makráðir og auðugir, stritandi og snauðir. Norræna módelið og óvinir þess. o.fl. o.fl.

Hvað er framundan? Hvað geta jafnaðarmenn gert? Svarið er í bók Jóns Baldvins.

Ég hvet alla, sem kjósa lýðræði og jafnræði að lesa þá bók.

m/fs: **Að lokum.**

Bókin er ekki síður fróðlegur minnisvarði um mörg af þeim verkum Jóns Baldvins, sem skipt hafa sköpum fyrir núverandi velmegun Íslendinga.

Á þeim afrekalista er af mörgu að taka. Ég læt nægja að nefna þá staðreynd, að á Íslandi eru tekjur á hvern mann með þeim bestu í heiminum.

Flestir vita en fáir nefna, að sá fádæma góði árangur er afleiðing EES samningsins.

Sá samningur er engum Íslendingi jafn mikið að þakka, og Jóni Baldvini.

Og sú staðreynd nægir til að fullyrða; að íslenska þjóðin á engum núlifandi manni jafn mikið að þakka velsæld sína og góðan efnahag, og Jóni Baldvini Hannibalssyni.

Hafðu heila þökk Jón Baldvin fyrir þá þjóðarheill, og bókina þína góðu.

Birgir Dýrfjörð. Höf. er í flokksstjórn Samfylkingarinnar.